



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

1

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1027*  
*komudagur 3.2.2014*

3. febrúar 2014

### **Umsögn um tillögu til þingsál. um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2014-2017, 256. mál**

Umsögn Samorku snýr eingöngu að kafla 1.2 um orkumál. Þar segir um markmið og aðgerðir:

*Markmið: Framleiðsla og dreifing raforku mæti þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu hvað varðar flutningsgetu og afhendingaröryggi. Jafnaður verði milli landshluta kostnaður við flutning og dreifingu á raforku.*

*Aðgerðir: Stefnt verði í átt að fullum jöfnuði milli dreifbýlis og þéttbýlis á kostnaði við dreifingu raforku og kostnaði við húshitun með greiðslum úr ríkissjóði, lagabreytingum eða jöfnun á kostnaði orkukaupenda á ólíkum svæðum.*

#### **Efling flutningskerfis raforku**

Samorka styður mjög eindregið það markmið að flutningsfyrirtæki raforku verði gert kleift að byggja upp sitt kerfi og auka afhendingaröryggi. Styrkja þarf flutningskerfið verulega á komandi árum ef það á að vera í stakk búið til þess að mæta kröfum nútíma samfélags og ekki hamla þróun byggðar. Meðal annars er byggðalínan fulllestuð og framleiðslugeta sumra virkjana því vannýtt. Takmörkuð flutningsgeta gerir flutningskerfið einnig vanbúið til að takast á við meiriháttar áföll. Gæði og öryggi orkuflutnings fullnægja ekki stöðlum og þessi staða hamlar nú þróun sumra byggða. Uppbygging kerfisins hefur tafist, m.a. vegna andstöðu við háspennulínur. Gera þarf úrbætur á skipulags- og leyfisferlinu þannig að það verði skilvirkara og tekið verði tillit til markmiða raforkulaga á öllum stigum skipulags- og leyfisferla.

#### **Gegnsæi félagslegra aðgerða**

Hvað varðar síðarnefnda markmiðið og aðgerðirnar sem mælt er fyrir um, varðandi jöfnun kostnaðar milli landshluta við dreifingu raforku og á kostnaði við húshitun, þá setur Samorka ekki fram sameiginlega afstöðu um ágæti eða mikilvægi einhvers konar félagslegra aðgerða til jöfnunar á slíkum kostnaði. Hins vegar leggja samtökin áherslu á að sé það niðurstaða Alþingis að halda úti slíku kerfi þá sé um félagslega aðgerð að ræða og eðlilegast að hún sé fjármögnuð á gegnsæjan hátt með almennu skattfé úr ríkissjóði. Um þetta er m.a. fjallað í umsögn Samorku til atvinnuveganefndar, dags. 23. janúar sl., um 237. mál, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 98/2004, um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, með síðari breytingum (jöfnunargjald).



Tekið skal fram að Samorka styður eindregið það kerfi sem getið er um í athugasemdum frumvarpsins um kafla 1.2, er snýr að styrkjum til uppbyggingar nýrra hitaveitna. Stofnkostnaður nýrra hitaveitna getur verið hár en gjarnan er um að ræða afar hagkvæma leið til lengri tíma litið, a.m.k. í ljósi núverandi kerfis niðurgreiðslna á raforku til húshitunar og á kyntum veitum.

Í athugasemdum við kafla 1.2, 2. mgr., segir hins vegar að áhersla verði lögð á að „einstök landsvæði geti í gegnum sóknaráætlanir landshluta haft áhrif á forgangsroðun við uppbyggingu raforkukerfisins.“ Hér að framan var þegar rætt um hvernig brýn uppbygging flutningskerfisins hefur tafist m.a. vegna andstöðu við háspennulínur. Nú þegar hafa mjög margir aðilar aðkomu að skipulags- og leyfisveitingaferlinu og vandséð að það muni við styðja við nauðsynlega uppbyggingu þess að fjölga enn slíkum aðilum.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
framkvæmdastjóri